

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 533/2013**

2014/EES/67/76

frá 10. júní 2013

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efni 1-metýlsýklóprópen, klórþalóní, klórtólúrón, sýpermetrín, damínósíð, forklórfenúrón, indoxakarb, þíófanatmetýl og tríbenúrón (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni⁽²⁾ eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.
- 2) Samþykkin fyrir virku efnunum 1-metýlsýklóprópeni, klórþalóní, klórtólúróni, sýpermetrín, damínósíði, forklórfenúróni, indoxakarb, þíófanatmetýli og tríbenúróni falla úr gildi á tímabilinu 28. febrúar 2016 til 31. mars 2016. Lagðar hafa verið fram umsóknir um endurnýjun fyrir þessi virku efni. Þar eð kröfurnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað ⁽³⁾ gilda um þessi virku efni er nauðsynlegt að veita nægilegan tíma til að ljúka málsmeðferð við endurnýjun í samræmi við þá reglugerð. Af þessum sökum er líklegt að samþykki fyrir þessum virku efnum falli úr gildi áður en ákvörðun hefur verið tekin um endurnýjun þeirra. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 159, 11.6.2013, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 205/2014 frá 30. september 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26.

3) Því ber að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

4) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem engin viðbótarmálsskjöl, í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012, eru lögð fram í síðasta lagi 30 mánuðum fyrir viðkomandi lokadagsetningu gildistíma, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða eins fljótt og unnt er eftir það.

5) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. júní 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað dagsetningarinnar 28. febrúar 2016 í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 101, klórþalóní, komi 31. október 2017.
 - 2) Í stað dagsetningarinnar 28. febrúar 2016 í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 102, klórtólúrón, komi 31. október 2017.
 - 3) Í stað dagsetningarinnar 28. febrúar 2016 í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 103, sýpermetrín, komi 31. október 2017.
 - 4) Í stað dagsetningarinnar 28. febrúar 2016 í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 104, damínósíð, komi 31. október 2017.
 - 5) Í stað dagsetningarinnar 28. febrúar 2016 í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 105, þrófanatmetýl, komi 31. október 2017.
 - 6) Í stað dagsetningarinnar 28. febrúar 2016 í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 106, trífbenúrón, komi 31. október 2017.
 - 7) Í stað dagsetningarinnar 31. mars 2016 í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 117, 1-metýlsýklóprópen, komi 31. október 2017.
 - 8) Í stað dagsetningarinnar 31. mars 2016 í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 118, forklórfenúrón, komi 31. október 2017.
 - 9) Í stað dagsetningarinnar 31. mars 2016 í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 119, indoxakarb, komi 31. október 2017.
-